

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og fer samkvæmt þeim um álagningu gjalda á árinu 1986 vegna tekna á árinu 1985.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld, svo og lög nr. 40 20. maí 1964, um breyting á þeim lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðasti málsliður 10. mgr. 16. greinar orðist svo:

Hvort foreldri sem er getur, að ósk móður, dvalist hjá barni sínu þann mánuð.

2. gr.

11. mgr. 16. greinar orðist svo:

Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag skal hún eiga rétt á greiðslu skv. 6. mgr. og 7. mgr. þann tíma, sem nauðsyn krefur, allt að einum mánuði, til viðbótar rétti skv. öðrum ákvæðum greinar þessarar. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg skv. þessu ákvæði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um fæðingar frá 1. janúar 1985.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.